

MINNI HEIMSINS

Leiðarvísir um tilnefningar til skráningar á Landsskrá Íslands

Leiðarvísirinn geymir ráð og leiðbeiningar um hvernig eigi að fylla út umsóknareyðublað fyrir tilnefningar auk upplýsinga um þau viðmið sem notuð eru við val skráninga á Landsskrá Íslands. Umsóknareyðublaðið og önnur mikilvæg skjöl má sækja á: <http://unesco.is/minni-heimsins/>.

Skrá UNESCO um Minni heimsins nær til margs konar skráningar og verkefna sem taka mið af mikilvægi og áhrifum hvernar heimildar. Skrár sem skipta Ísland máli eru:

- **Heimsskrá (International Register)** – geymir menningararf sem hefur víða skírskotun og mikið alþjóðlegt gildi. Aðalstöðvar UNESCO varðveita þessa skrá. **Landsskrá Íslands (Iceland's National Register)** – nær yfir menningararf sem er sérstaklega mikilvægur fyrir Ísland. Skráin er varðveitt af Íslensku UNESCO-nefndinni.

Fyrsta skrefið varðandi tilnefningu er að fullvissa sig um að Landsskrá Íslands sé rétti vettvangurinn fyrir þann menningararf sem um ræðir. Skoðið t.a.m. Skráningu sem hefur verið samþykkt á heimskrá UNESCO um Minni heimsins því þar geta verið góðar fyrirmyndir. Lagt er til að leitað sé ráða hjá **Landsnefnd Íslands um Minni heimsins** áður en hafist er handa við umsókn. Upplýsingar veitir Soffía Guðný Guðmundsdóttir, soffiag@hi.is.

Næsta skref er að fylla út eintak af umsókninni og senda rafrænt á netfangið soffiag@hi.is eða í bréfpósti til:

Landsnefnd Íslands um Minni heimsins

Soffía Guðný Guðmundsdóttir

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum Árnagarði við Suðurgötu

101 Reykjavík

Lokadagsetning fyrir tilnefningar er 1. nóvember 2015.

Þetta skjal veitir nákvæmar leiðbeiningar lið fyrir lið um hvernig á að fylla út eyðublað til tilnefningar í **Landskrá Íslands**. Ítarlegri leiðbeiningar og nánari upplýsingar um skráningu á heimsskrána (International Register) má finna á vefsíðu UNESCO um **Minni heimsins**: <http://unesdoc.unesco.org/images/0018/001877/187733e.pdf> og á vefsíðu bresku UNESCO-nefndarinnar http://www.unesco.org.uk/memory_of_the_world

A. HLUTI – NAUÐSYNLEGAR UPPLÝSINGAR

1. Heiti tilnefningar

Titillinn verður notaður við öll gögn og kynningar á verkefnum. Orðalag þarf að vera lýsandi og stutt. Hámark lýsingar ætti að vera 10 orð.

2. Stutt lýsing

„Slagorð“ tilnefningar, þ.e. Stuttur útdráttur sem lýsir menningararfinum og ástæðu þess að hann á erindi á Landsskrá Íslands. Áriðandi er að veita stutt yfirlit yfir mikilvægustu upplýsingarnar og hafa þær auðskildar. Ef tilnefningin ber árangur mun útdráttur birtast á Landsskrá Íslands og þá jafnframt opinberlega.

3. Upplýsingar um þann sem tilnefnir

Upplýsingar um uppruna tilnefningarinnar.

- 3.1. Fullt nafn þess einstaklings/einstaklinga eða stofnunar/stofnana sem eiga frumkvæði að tilnefningunni.
- 3.2. Útskýrið bakgrunn þeirra sem standa að tilnefningunni og hvernig þeir eru tengdir tilnefningunni.

Til dæmis kann frumkvæði að tilnefningu að koma frá ábyrgðar- eða umsjónaraðila bóka- eða skjalasafns sem er eigandi eða vörsluaðili þess menningararfs sem um ræðir eða að frumkvæði einstaklings sem hefur rannsóknaráhuga á þessum menningararfi.

- 3.3. Tilgreinið hver ber ábyrgð á tilnefningarferlinu.
- 3.4. Veitið nægilega ítarlegar upplýsingar til þess að hægt sé að hafa samband við viðkomandi til frekari samskipta.

4. Einkenni og lýsing á tilnefningunni

- 4.1. Einkenni.

Gefið nákvæma lýsingu á mikilvægi þess fólks eða þess staðar sem heimildirnar vísa til þannig að hægt sé að meta heimildirnar í réttu samhengi. Notið að hámarki 200 orð.

4.2. Lýsing á heimildunum.

Þessi þáttur á að innihalda:

- Fullt nafn á þeim menningararfi sem tilnefndur er og dagsetningar (ef þær eru hluti af nafninu) Nafn og fullt heimilisfang/staðsetning eiganda og umsjónarmanns hvort sem um er að ræða stofnun eða einstakling.

Ef hinn tilnefndi menningararfur er dreifður á marga staði eða hefur mismunandi umsjónarmenn, skulu gefnar ítarlegar upplýsingar um hvern hluta. Allir umsjónarmenn eða eigendur skulu tilgreindir í tilnefningunni.

Lýsingin skal vera eins nákvæm og mögulegt er:

- Lýsing og eignarskrá, þar með talin skráning/leiðarvísir eða sambærilegar aðgengisupplýsingar.
- Bókfræðilegar upplýsingar og skráning.
- Yfirlit yfir uppruna (t.d. hvernig og hvenær efnið kom í eigu viðkomandi og/eða hvenær það var fært inn í safnkost stofnunar eða safns).
- Greining eða mat á ástandi heimildar og umhverfis, sem og lýsing á geymslustað, varðveislugreining, o.s.frv.
- Myndrænar upplýsingar þar sem það á við, t.d. ljósmynd eða myndband af hinum tilnefnda menningararfi og hvernig hann er hýstur.
- Útgefnar heimildir: þar sem það er mögulegt, skulu gefnar upp þrjár heimildir sem lýsa þessum skráða menningararfi.
- Viðurkenning af opinberum aðila, s.s. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðminjasafni, Þjóðskjalasafni eða Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.
- Umsagnaraðili: þar sem það er hægt, skráið nöfn, menntun og heimilisfang a.m.k. þriggja óháðra aðila eða stofnana sem geta gefið upplýsta skoðun á mikilvægi og uppruna hins tilnefnda menningararfs.

5. Rökstuðningur fyrir skráningu / mat með tilliti til viðmiða

Skoðið vandlega val á viðmiðum og veitið nákvæman rökstuðning fyrir tilnefningu á Landsskrá Íslands. Vera má að sá sem skráður er fyrir tilnefningu verði beðinn um ítarlegri upplýsingar þegar tilnefningin fer í gegnum matsferlið.

Matið er samanburðarkennt og afstætt. Engar afgerandi mælistikur eru til um menningarlegt mikilvægi. Þess vegna finnast engir fastir mælikvarðar sem hægt er að nota við að bæta andlegum menningararfi inn á Landsskrá Íslands. Val til skráningar inn á Landsskrána er þess vegna til komið vegna mats á menningararfinum á eigin forsendum, með hliðsjón af viðmiðum og að teknu tilliti til anda almennra leiðbeininga um skráninguna, og í samhengi við aðrar heimildir sem ýmist hafa verið teknar inn í Landsskrána eða verið hafnað.

Landsskrá Íslands mun innleiða leiðarvísi um hvernig skuli beita þessum viðmiðum ef þurfa þykir.

Þegar metið er hvort tilnefndur menningararfur skuli færður inn á Landsskrá Íslands verður áður að meta það út frá fyrsta viðmiði sem er áreiðanleiki:

5.1. Er áreiðanleiki staðfestur?

Útskýrið hvernig sú víska er fengin að menningararfurinn sé ófalsaður.

- Er það vegna þess að svo virðist vera?
- Hafa auðkenni og uppruni heimildar verið sannaðar svo óyggjandi sé?
- Eintök, afrit, falsanir, eftirlíkingar eða blekkingar kunna að vera metnar áreiðanlegar í góðri trú sem upprunaleg gögn.

Eftir að menningararfurinn hefur verið metinn eftir fyrsta viðmiði er hann metinn í samræmi við eftirfarandi viðmið:

5.2. Er mikilvægi fyrir Ísland staðfest, fágæti og óbætanleiki?

Útskýrið hvers vegna og hvernig þessi menningararfur er svo mikilvægur.

- Gæti hvarf hans eða eyðilegging rýrt menningararf Íslands?
- Arfurinn verður að hafa haft mikil áhrif á Íslandi, annað hvort á ritunartíma eða til lengri tíma litið.
- Hann getur verið gott dæmi sérstakrar tegundar en þarf samt að vera einstakur í sinni röð.
- Hann verður að hafa haft mikil áhrif, hvort sem er jákvæð eða neikvæð, í sögulegu samhengi.

5.3. Tilnefningin verður metinn í samræmi við eftirfarandi viðmið:

- a. Tími. – Aldurinn einn og sér gerir heimild ekki mikilvæga, en sérhver heimild er sköpunarverk síns tíma. Sumar heimildir eru einstaklega mikilvægar eða lýsandi fyrir tímamann sem þær urðu til á, til dæmis þegar þær eru vitnisburður um kreppur, áföll eða umtalsverðar félagslegar og menningarlegar breytingar. Heimild getur sýnt nýja uppgötvun eða verið „hin fyrsta í sinni röð“.
- b. Staður. – Eitt það mikilvægasta við sérhverja heimild er staðurinn þar sem hún varð til. Hún getur búið yfir lykilupplýsingum um stað sem mikilvægur er í sögulegu eða menningarlegu samhengi eða þá að staðurinn sjálfur hefur haft mikilvæg áhrif á þá atburði eða fyrirbæri sem heimildin fjallar um. Hún gæti lýst umhverfi, borgum eða stofnunum sem hafa horfið af sjónarsviðinu.
- c. Fólk. – Félagslegt og menningarlegt umhverfi þar sem heimild verður til getur endurspeglað mikilvæga þætti mannlegrar hegðunar eða félagslega þróun, iðnþróun eða framvindu lista og stjórnmála. Heimildin gæti fangað kjarna mikilla hreyfinga, umbreytinga, framþróunar eða hnignunar. Hún gæti einnig endurspeglað áhrif lykileinstaklinga eða -hópa.

- d. Efni og þema. – Efni heimildar getur sýnt fram á sérstakar sögulegar eða andlegar hreyfingar á sviði vísinda, náttúrufræði, félagsfræði og mannfræði, stjórn mála og hugmyndafræði eða íþrótt og lista.
- e. Form og stíll. – Gildi heimildar getur legið í einstakri fegurð hennar, stíl eða málvísindalegu gildi, hún gæti verið dæmigerð eða lykildæmi um ákveðna kynningu, hefðir eða miðil og mynd hennar eða framsetning verið á hverfanda hveli.
- f. Félagslegt/andlegt/samfélagslegt mikilvægi. – Þessu viðmiði er ætlað að tjá mikilvægi heimildar eða heimildaflokks í ljósi andlegs eða trúarlegs gildis. Það gerir ákveðnu samfélagi kleift að sýna tilfinningaleg tengsl sín við heimild eða heimildir vegna þess hvernig hún/þær stuðla að samsömun og að styrkum félagslegum stöðum samfélagsins. Sé viðmiðinu beitt þarf það að endurspeglar lifandi mikilvægi, að menningararfurinn eigi sér tilfinningalega fótfestu hjá núlifandi fólki. Þegar þeir sem haldið hafa menningararf í heiðri vegna félagslegs/andlegs/samfélagslegs mikilvægis gera það ekki lengur eða eru ekki lengur á lífi, missir heimildin þetta sérstaka vægi en gæti hins vegar öðlast sögulegt mikilvægi.

Mögulega geta öll þessi viðmið átt við um tilnefninguna eða aðeins sum þeirra en að minnsta kosti eitt af þessum viðmiðum verður að gilda. Gefið lýsingar miðað við hvert og eitt af þeim viðmiðum sem við eiga.

- 5.4. Eftirfarandi atriði skipta máli í tengslum við mat á tilnefningunni og verða einnig tekin með í reikninginn:
- **Fágæti:** Gerir innihald eða eðli heimildar hana að fágætu eintaki sinnar tegundar eða á sínum tíma?
 - **Heillegt ástand:** Er þetta tiltekna eintak í góðu ástandi og er heimildin heil eða ekki? Hefur henni verið breytt eða hefur hún orðið fyrir skaða?
 - **Ógn:** Er tilvist heimildarinnar í hættu? Ef heimildinni er óhætt, þarf þá sérstakar aðgerðir til að tryggja öryggi hennar áfram?
 - **Umsjónaráætlun:** Er til áætlun sem endurspeglar mikilvægi heimildarinnar með viðeigandi ráðstöfunum um viðhald og aðgengi?

Skýring er nauðsynleg við hvert af þessum viðmiðum.

6. Lagalegar upplýsingar

- 6.1. Stundum er umsjónarmaður tilnefnds menningararfs ekki sá sami og eigandi. Þá er nauðsynlegt að ganga úr skugga um báða aðila áður en hægt er að færa tilnefninguna inn á Landsskrá Íslands.
- 6.3. Brýnt er að staðfesta nákvæma lagalega stöðu hins tilnefnda menningararfs:

- a. **Eignarhald:** Er menningararfurinn til dæmis í einkaeign eða í eigu stofnunar eða fyrirtækis?
- b. **Aðgengi:** eru sérstakir þættir sem takmarka almennt aðgengi?
- c. **Höfundarréttur:** Er allur hinn tilnefndi menningararfur eða hluti hans háður höfundarréttarákvæðum? Er hægt að finna eigendur höfundarréttar og skilgreina lagaleg réttindi þeirra?
- d. **Ábyrgðaraðili:** Hver er lagalega ábyrgur fyrir varðveislu heimildar og hvernig er þeirri ábyrgð framfylgt? e. **Aðrir þættir:** eru önnur sjónarmið sem þarf að taka tillit til? Hefur til dæmis, einhver stofnun lagalegar skyldur til að varðveita menningararfinn sem tilnefndur er?

7. Umsjónaráætlun

- 7.1.** Gefið nákvæmt yfirlit yfir umsjónaráætlun um hinn tilnefnda menningararf og leggið með eintak af þeirri áætlun ef hún er til staðar. Góð áætlun inniheldur yfirlýsingu um mikilvægi menningararfsins, tiltekur stefnu og framkvæmd varðandi aðgengi og varðveislu, setur fram kostnaðaráætlun um varðveislu, tilgreinir nöfn sérfræðinga og aðstöðu varðandi varðveislu, lýsir því hvernig varðveislunni er háttáð og gefur einnig nákvæma lýsingu á umbúnaði heimildar (t.d. Loftgæðum, hita og rakastigi, geymsluhillum og öryggi) og tilgreinir áætlun um viðbrögð við náttúruhamförum.

Ef engin slík áætlun er til staðar er mikilvægt að útskýra af hverju (t.d. Skortur á þekkingu, aðstöðu eða fjármagni) og lýsa núverandi geymslu og umhirðu hins tilnefnda menningararfs.

8. Samráð

- 8.1.** Samráð sem átt hefur sér stað áður en tilnefning er lögð fram styrkir umsóknina og kemur í veg fyrir rugling eða tafir. Samráð við eiganda og/eða umsjónarmann hins tilnefnda menningararfs eru venjulega skilyrði, nema fyrir liggi sérstakar ástæður fyrir því að það sé ekki gert. Sérstaklega er mælt með samráði við **Landsnefnd Íslands um Minni heimsins**.

Upplýsingar veitir Soffía Guðný Guðmundsdóttir, soffiag@hi.is.

B. HLUÐI – VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR

Þessar upplýsingar eru ekki teknar með við ákvörðun um hvort tilnefningin verðskuldar innritun í **Landsskrá Íslands**. Þær sýna samt mikilvægt samhengi sem getur aðstoðað matsnefndina, einkum ef hinn tilnefndi menningararfur er í hættu.

9 Mat á áhættu

- 9.1. Sem dæmi:

- Umhverfisaðstæður innan eða utan varðveislustaðar (t.d. nálægð við rafmagnsstaura eða loftmengunarvalda).
- Aðstæður sem heimildin er geymd við (svo sem geymsluaðferðir, gæði umbúða).
- Ónóg fé til varðveislu.
- Umfang aðgengis og eðli þess.

10. Mat á varðveislu

10.1. Lýsið varðveisluumgjörð hins tilnefnda menningararfs.

Til dæmis:

- Núverandi ástandi.
- Varðveislusögu.
- Núverandi varðveislustefnu (þar með aðstöðu og aðgengi að þjálfuðu starfslíði).
- Einstaklingi/stofnun sem ber ábyrgð á varðveislu, ef það á við.

11. Notkun skráningar

11.1. Lýsið hvernig skráning á Landsskrá Íslands yrði notuð til að auglýsa varðveislu og aðgengi að menningararfnum.

Dæmi mega innihalda:

- Sýningar.
- Forgang varðandi stafræna endurgerð.
- Umsóknir um styrki.
- kynningu á stofnun eða safni.
- Umbætur á geymsluaðstæðum.
- Auglýsingar og opinberar kynningar.
- Virkni hagsmunaaðila.

C. HLUTI – TILNEFNINGARAÐILI

Þetta atriði og undirskrift er nauðsynlegt að hafa skráð.